

VINNUSTOFA TEXTÍLMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



Guðlaugur Skúlason og Berglind Björnsdóttir

SSNV

Inngangur

Þann 31. mars 2025 stóð Textílmíðstöð Íslands fyrir vinnustofu á Blönduósi þar sem saman komu fulltrúar stjórnar og ólíkra geira til að ræða tækifæri og áskoranir sem tengjast textíl, endurvinnslu og samfélagslegum nýsköpunartækifærum í textílvinnslu. Vinnustofan var liður í áframhaldandi stefnumótunarvinnu Textílmíðstöðvarinnar og samfélagsins á Blönduósi um sjálfbæra framtíð textílgreina.

Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Textílmíðstöðvar Íslands, setti vinnustofuna með stuttri ávarpsræðu. Hún fól Guðlaugi Skúlasyni, verkefnastjóra hjá SSNV, að stýra fundinum og bjóða þátttakendum velkomna. Einnig tók til máls Pétur Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar, og fjallaði um textíl í breiðum skilningi fyrir sveitarfélagið bæði í menningarlegu og hagrænu samhengi og þær áskoranir og tækifæri sem fram undan eru.

Að ávörpum loknum hófst vinnustofan formlega undir stjórn Guðlaugs. Þátttakendum var skipt í fjóra umræðuhópa með skýrt afmörkuð þemu:

1. Fræðsla
2. Endurvinnsla
3. Rekstur og viðskiptamódel
4. Söfnun, móttaka og flokkun

Hver hópur fékk fjórar spurningar sem mótaðar voru til að dýpka skilning á stöðu málaflokksins og kalla fram hugmyndir um mögulegar lausnir og framtíðarsýn. Niðurstöður hópanna eru teknar saman hér fyrir neðan.

Fræðsla

Hópurinn var mjög vel mannaður en í honum voru fulltrúar leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigs í landshlutanum.

Spurning 1: Hvað felur fræðsla um textílúrgang í sér?

Hópurinn lagði áherslu á mikilvægi þess að fræðsla um textílúrgang hefði það markmið að hafa jákvæð áhrif á hegðun fólks og viðhorf í átt til sjálfbærni með minni neyslu, endurnotkun og endurnýtingu. Helstu áherslur voru að nauðsynlegt er að efla sjálfbærni tengdri kaupvenjum og neysluhegðun og áhrifum hennar á umhverfið.

Hópurinn fjallaði um stanlaust áreiti söluaðila um aukna neyslu. Rætt um hvort ekki væri hægt að beita sömu aðferðum og beina fólki þannig í gagnstæða átt. Nota til þess auglýsingar og samfélagsmiðla. Hópurinn var sammála um að það að nota miðla og áhrifavalda til að ná til barna og ungmenna gæti verið afar áhrifarík aðferð.

Eitt af því sem hægt væri að nýta getu þess hóps/þeirra miðla í væri að gera endurnýtingu „töff“ með einhverju móti. Þegar fólk sér endurnýtingu og sjálfbærni sem „töff“ eða áhugaverða, eykur það líkurnar á því að yngra fólk taki þátt í henni.

Hópurinn taldi að það að sýna textílúrgang gæti aukið þekkingu og skapað sterkari vitund – að fólk „sjái“ ruslið, bæði magnið og ferlið sem það fer í gegnum.

Aðeins var komið inn á það að innleiðing á skilagjaldi fyrir textílvörur geti aukið virðingu fyrir vörunum og gert fólk meðvitaðra um gildi þeirra. Þetta getur einnig hvatt til betri ákvarðana við kaup á textíl.

Spurning 2: Ef fræðsla á sér stað, hvað breytist?

Ef fræðsla um textílúrgang verður árangursrík má búast við umtalsverðum breytingum í hegðunarmynstri og neysluvenjum fólks, jafnframt taldi hópurinn að aukin vitund um áhrif textílúrgangs muni hafa áhrif á viðhorf fólks til umhverfisins. Að það verði líklegra til að gera sjálfbærni og endurnýtingu að forgangsatriði. Þetta leiði svo til þess að í umhverfi okkar verði minna sorp sem þarf að hafa áhyggjur af.

Einnig má gera ráð fyrir aukinni nýsköpun og lausnamiðaðri hugsun. Þessar breytingar stuðli að jákvæðri þróun í samfélaginu og geri það að verkum að textíll/textílúrgangur verður ekki lengur álitið vandamál, heldur verðmæt auðlind.

Spurning 3: Spannandi nýjar leiðir til fræðslu?

Einhverjar vangaveltur voru um hvort það sem hér er talið upp geti talist til nýrra leiða í fræðslu, frekar að þetta væru leiðir sem taldar væru líklegar til árangurs.

Meðal leiða til að fræða um textílúrgang má nefna það að virkja neytendur. Til dæmis getur „rakning“ vörunnar verið kennd, þar sem neytendur fylgja flíkinni frá uppruna hennar til heimilis þeirra; þeir skoði landið, vinnuaflað og vinnuaðstæður, innihald flíkunnar, flutning hennar til neytandans og möguleika á endurvinnslu.

Þá var aftur nefnt að nota áhrifavalda til að miðla þessum upplýsingum og auka þannig áhuga og vitund meðal ungs fólks.

Einnig var nefnt að hægt væri að skoða efnin, eiginleika mismunandi efna og hvað er t.d. notað til að gera flíkur teygjanlegar eða vatnsheldar, sem eykur skilning á samsetningu og sjálfbærni.

Leikskólabörn gætu fengið að hanna föt úr gömlum flíkum og að þar væri mikil áhersla lögð á það að bera virðingu fyrir fötunum sínum og ábyrgð hvers og eins á sínum fötum.

Það var talið mjög mikilvægt að kenna fólki á öllum aldri að gera við fötin sín og lengja þannig líftíma þeirra.

Spurning 4: Hvaða leiðir teljið þið að muni virka?

Þegar stórt er spurt...

Til að ná til ungs fólks og breyta viðhorfi í garð textílúrgangs er mikilvægt að nýta miðla sem þau nota, og spyrja þau um leiðir sem virka fyrir þau.

Skapa áhuga á viðfangsefninu t.d. á samfélagsmiðlum (eins og gerðist með „gúrkusalatið“ sem varð svo vinsælt á TikTok). Þannig aðferðir sé hægt að nota til að beina sjónum að minni neyslu.

Það er einnig nefnt að kannski væri nauðsynlegt að hafa einhvers konar herferð, líkt og gert var til að draga úr reykingum um árið, og fylgja svo eftir með markvissum hætti.

Fólk á að bera ábyrgð á sínum úrgangi þannig að rusl sé ekki sótt ef ekki er rétt flokkað, þar sem slíku fylgir skömm og augljósar afleiðingar.

Að lokum er hægt að taka upp skilagjald á textíl, eins og gert er með flöskur og dósir, til að auka virðingu fyrir vörunum og hvetja til ábyrgðar í neyslu og förgun.

Þegar hópurinn kynnti vinnu sína vöktu hugmyndir um leiðir til að gera endurnýtingu „töff“ með aðstoð áhrifavalda og samfélagsmiðla nokkra athygli. Eins sköpuðust nokkrar umræður um að við þyrftum einhvern veginn að ná fram þeirri hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til að draga úr neyslu. Lagt til sem herferð að hafa *Textember* þar sem fólk væri hvatt til að kaupa sér ekki nýjar flíkur í þeim mánuði. Einnig var rætt að fræða þurfi almenning um meðhöndlun textíls til að lengja líftíma hans. Aðeins var talað um hversu dýrir varahlutir eins og t.d. rennilásar, tölur og smellur eru, að það næstum borgi sig að kaupa bara nýja flík í stað þess að kaupa þessa hluti.

Endurvinnsla

Spurning 1: Hvað felst í lengingu á líftíma textíls?

Í umræðu hópsins um hvernig megi lengja líftíma textíls komu fram fjölbreyttar hugmyndir. Lagt var upp með að líftími textíls sé ekki bundinn við einskiptisnotkun heldur megi með ýmsum leiðum framlengja og nýta betur þann textíl sem er í notkun.

Áhersla var lögð á að viðgerðir á textíl væri fyrsta og einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir að textílefni endi í ruslinu. Hægt sé að gera hinar ýmsu breytingar á flíkum til að þær verði nothæfar á ný. Hópurinn benti einnig á möguleikann á að gefa textíl nýtt hlutverk, til dæmis með því að breyta gömlum fatnaði í annars konar fatnað, splæsa tveimur flíkum saman eða aðra hluti svo sem tuskur, púðaver og aðra nytja- eða listmuni.

Meðhöndlun og þvottur var einnig talinn mikilvægur þáttur til að viðhalda gæðum textíls og þar með lengja líftímann, það minnkar þörf fyrir kaup á nýjum fatnaði eða öðrum textíl.

Oft er hægt að skoða þann möguleika að gefa fatnað áfram og þar með koma honum í áframhaldandi not.

Að lokum ræddi hópurinn að viðgerðir á flíkum og að viðgerðapjónusta fyrir textíl gæti verið liður í endurvinnslu og lengingu líftíma textíls.

Spurning 2: Hvaða möguleikar eru til staðar?

Fram komu hugmyndir sem snúa að fræðslu, hagnýtri þjónustu og nýtingu á textílefni á fjölbreyttan hátt. Aðstaða fyrir viðgerðir og breytingar á flíkum og væri mögulega hægt að tengja þá þjónustu við fræðslu. Einnig var nefnt að kennsla á þvotti gæti átt stóran sess í lengingu líftíma og mögulega endurvinnslu textíls.

Hópurinn lagði einnig upp með að námskeið og kennsla verði reglulegir viðburðir til að viðhalda þekkingu og auka vitund fólks á endurvinnslu. Einn lykilmöguleiki sem var ræddur er að tæta textíl upp og spinna aftur og þar með nýta gamalt hráefni í nýjan efnivið og þannig stuðla að hringrásarhagkerfi textíls. Þá var einnig rætt að setja upp aðstöðu í verslunarkerkjum til að taka á móti textíl og veita leiðbeiningar. Auk þess var rætt um skiptimarkað þar sem fólk getur skipt flíkum í stað þess að búa til nýjar og/eða náð sér í flík til að laga sína flík. Að lokum var rætt hvort hægt væri að nota úrgangstextíl í fyllingarefni og einangrunarefni til að efnið nýtist til fulls.

Rætt var um að mikilvægt væri að hafa áhrif á viðhorf samfélagsins þar sem breytt neysluhegðun og meiri vitund um endurnýtingarmöguleika getur haft veruleg áhrif til framtíðar.

Spurning 3: Hvaða hugmyndir finnst ykkur mest spennandi?

Hópurinn ræddi margar hugmyndir og var ein af þeim hugmyndum aðstaða til viðgerða og breytinga þar sem íbúar gætu komið og notað tæki og tól til að endurvinna textíl. Hægt væri að vera með leiðsögn ákveðna daga. Rætt var um mikilvægi þess að kennsla í grunnskólum yrði til þess að þekking samfélagsins í hannyrðum tapist ekki með tímanum. Tæta textíl niður og spinna upp aftur eins og var nefnt áður, þannig náist hringrásarhagkerfi textílsins. Einnig var nefnt hversu mikilvægt það væri að endurvinnsla og tæki, tól og fræðsla væri aðgengilegt fyrir alla sem vilja.

Spurning 4: Hvaða leiðir teljið þið vera framkvæmanlegar?

Leiðir sem hópurinn taldi að væri vert að skoða og taldi að væru framkvæmanlegar.

- Fræðsla um endurvinnslu í grunnskólum.
- Koma upp aðstöðu fyrir viðgerðir og breytingar.
- Skiptimarkaður fyrir textíl.
- Hafa aðstöðu til endurvinnslu aðgengilega og flokkun góða.
- Tæta textíl og spinna upp aftur.

Líflegar umræður voru þegar hópurinn kynnti sínar hugmyndir og var þar m.a. rætt um hvort og hvernig sé hægt að tæta niður textíl og spinna upp aftur, og kom fram að tækifæri á þessu sviði séu umfangsmikil og lítið nýtt hér á landi. Þetta krefst þekkingar og aðstöðu og möguleikar séu margir ef rétt er staðið að málum.

Einnig var rætt hvernig hægt sé að miðla þekkingu á endurvinnslu og viðhalda fræðslu til almennings. Þá var nefnt verkefni eins og *reddingarkaffi* þar sem fólk hittist og lærir grunn handtök í endurvinnslu á textíl. Slíkt gæti verið áhrifarík leið til að virkja samfélagið og um leið styrkja færni í viðgerðum og efla vitund fólks um endurvinnslu textíls.

Að lokum var rætt um mikilvægi þess að skapa aðgengilegar leiðir fyrir fólk til að taka þátt í endurnýtingu og endurvinnslu.

Rekstur og viðskiptamódel

Spurning 1: Hvað þarf til þess að koma á flokkunar og endurvinnslustöð s.s. innviðir, þekking?

Í umræðum hópsins kom skýrt fram að það þarf margvíslega innviði, skipulag og skýrar rekstrarforsendur til að koma á fót flokkunar- og endurvinnslustöð fyrir textíl. Fyrst og fremst var bent á að tryggja þarf hentugt pláss og húsnæði þar sem móttaka, flokkun og vinnsla textíls getur farið fram með skipulögðum hætti. Slík aðstaða þarf að uppfylla ákveðin skilyrði bæði hvað varðar stærð, aðgengi og hreinlætisaðstöðu.

Á sama tíma þarf að byggja upp söfnunarkerfi sem tryggir að hráefni berist reglulega til stöðvarinnar. Þetta felur í sér bílaflota, safngáma og annað tengt flutningum og dreifingu. Aðrir mikilvægi þættir eru tæknilegir: það þarf sérhæfðan búnað til að greina textílefni – til dæmis tæki sem geta greint trefjagerð, efnasamsetningu eða aðskotaefni sem hafa áhrif á hvort og hvernig efnið er unnið áfram.

Hópurinn lagði einnig áherslu á að slík stöð þarf að byggja á raunhæfu viðskiptamódeli. Til að tryggja sjálfbæran rekstur þarf að skilgreina hverjar tekjulindirnar eru – hvort sem það er sala á endurunnu efni, þjónusta við sveitarfélög, styrkir eða samstarf við iðnaðinn. Ekki væri síður mikilvægt að greina hverjir eru raunverulegir viðskiptavinir: hvort það séu framleiðendur, verslanir, sveitarfélög eða einstaklingar sem vilja nýta þjónustu flokkunar- og endurvinnslustöðvar.

Spurning 2: Hvernig rekstrarform teljið þið að henti starfseminni og hverjir eru samstarfsaðilar?

Hópurinn sá fyrir sér að starfsemi flokkunar- og endurvinnslustöðvar gæti byggst á blöndu af opinberum og einkareknum þáttum. Til greina kæmi að samstarf yrði við einkaaðila, sérstaklega fyrirtæki sem starfa þegar á markaði með endurnýtt efni, svo sem notaðan fatnað eða byggingarefni. Slík fyrirtæki gætu haft hagsmuni af stöðugum aðgangi að

flokkuðu hráefni og þar með verið virkir þátttakendur í að skapa eftirspurn og úrvinnslugetu innan kerfisins.

Jafnframt var talið að hið opinbera hefði lykilhlutverki að gegna í að styðja við uppbyggingu og rekstur slíkrar stöðvar. Sérstaklega var nefnt að hægt væri að þróa skilagjaldskerfi svipað því sem notað er fyrir dósir og flöskur. Með því væri hægt að skapa hagræna hvata fyrir almenning og fyrirtæki til að skila textílefum til endurvinnslu, sem myndi svo styðja við jafnvægi í rekstri og auka hráefnisöflun stöðvarinnar.

Að auki kom fram sú hugmynd að stofna nýsköpunarsjóð sem væri sérsniðinn að þróun og úrvinnslu í textílgeiranum. Slíkur sjóður gæti veitt verkefninu fjárhagslegan stuðning á upphafsstigum og jafnframt hvatt til rannsókna, þróunar og frumkvöðlastarfs á sviði endurvinnslu og hringrásarhagkerfis í textíl.

Spurning 3: Hvaða rekstrarform teljið þið vera mest spennandi?

Í svörum hópsins við spurningunni um hvaða rekstrarform þætti mest spennandi kom fram skýr sýn á að einkaaðilar ættu að gegna lykilhlutverki í slíkri starfsemi. Einkarekstur var talinn hafa burði til að knýja áfram nýsköpun, skilvirkni og þróun á lausnum sem henta markaði og neytendum. Með virku hlutverki einkaaðila væri einnig líklegra að myndaðist verðmætasköpun úr textílefum sem annars færu til spillis.

Hins vegar var einnig lögð áhersla á að reksturinn þyrfti stuðning og hvata frá hinu opinbera. Sérstaklega var rætt um að hið opinbera gæti komið að með því að setja gjald á innfluttar textílvörur – svipað og umhverfisgjöld eru notuð í öðrum vöruflokkum – sem myndi hvetja til betri nýtingar á innfluttum textíl og draga úr sóun. Slíkt gjaldakerfi væri ekki aðeins fjárhagslegur stuðningur við endurvinnslu heldur einnig mikilvægt verkfæri til að efla samfélagslega vitund um mikilvægi endurnýtingar og ábyrgari neyslu.

Samspil einkaframtaks og opinbers stuðnings var því talið líklegasta leiðin til að tryggja bæði rekstrarhæfni og samfélagslega ábyrgð í þróun endurvinnsluiðnaðarins.

Í umræðum sem áttu sér stað eftir kynningu hópsins komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar, vangaveltur og spurningar sem varða framtíðarsýn og framkvæmd mögulegrar flokkunar- og endurvinnslustöðvar fyrir textíl. Meðal þeirra atriða sem vöktu athygli var umræða um jafnvægi milli einkareksturs og opinbers stuðnings, þar sem sett var fram gagnrýnin pæling um að gæta þurfi þess að verkefnið leiði ekki til þess að gróðinn verði einkavæddur en tapið ríkisvætt. Slík nálgun, ef hún yrði raunin, gæti grafið undan trausti og samfélagslegum stuðningi við verkefnið til lengri tíma litið.

Ítrekað komu fram hugmyndir um að innleiða úrvinnslugjald á textíl, svipað og tíðkast með dósir og raftæki. Slíkt gjaldakerfi væri liður í að fjármagna innviði og þjónustu við söfnun, flokkun og endurvinnslu, en myndi einnig hafa hvetjandi áhrif á neytendur og framleiðendur til að hugsa meira um notkun textíls og möguleika endurnýtingar.

Spurt var hvernig lagasetning og stefnumótun stjórnvalda komi inn í rekstrarmódelið – til dæmis í formi reglugerða um ábyrgð framleiðenda, innflutning, merkingar eða úrgangsstjórnun. Skýr og framsýnn lagarammi var talinn grundvöllur þess að slíkur geiri geti þróast með ábyrgum og gagnsæjum hætti.

Að lokum komu fram hugmyndir um smiðjur eða vinnustofur sem hluta af starfsemi stöðvarinnar, þar sem hægt væri að gera við, endurvinna og umbreyta textílefnunum. Slík starfsemi gæti verið vettvangur bæði fyrir atvinnu- og félagslega virkni, auk þess sem hún myndi styðja við markmið um hringrásarhagkerfi og skapandi endurnýtingu.

Söfnun, móttaka og flokkun

Hópurinn ræddi fjórar spurningar líkt og aðrir.

Spurning 1: Hvað er textílúrgangur?

Textílúrgangur er fjölbreyttur og felur í sér bæði skemmdar og ónotaðar textílvörur. Það sem flokkast sem textíll er allt sem framleitt er úr þráðum, þ.á.m. net, veiðarfæri, fatnaður, rúmföt og einkennisfatnaður frá fyrirtækjum og stofnunum.

Áhersla var lögð á að textíll er oft of ódýr, sem leiðir til of mikillar vefverslunar og stuðlar þannig að aukningu textílúrgangs. Umræða var um að textíll frá ákveðnum söluaðilum, svo sem Temu og þess lags vefsíðum, geti innihaldið eiturefni, og því þurfi að fræða einstaklinga um þá hættu sem fylgir þeim vörum.

Talað var um að notkun gervigreindar við flokkun textílúrgangs til að greina efni, svo sem ull, geti aukið skilvirkni í móttöku og flokkun efnis og þannig stuðlað að betri úrvinnslu og endurnýtingu.

Spurning 2: Hvaða leiðir eru bestar til að safna textílúrgangi og flokka?

Hópurinn taldi að til að tryggja árangursríka söfnun og flokkun textílúrgangs væru nokkrar aðferðir nauðsynlegar. T.d. er nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi að móttökustöðum svo fólk geti auðveldlega skilað sínum textíl. Til að koma í veg fyrir skemmdir á textílnum er nauðsynlegt að hafa vel einangraða gáma svo að ekki blotni í þeim. Það þarf líka að vera gott pláss fyrir móttöku og flokkun textíls, þannig verði ferlið skilvirkara.

Gervigreind getur verið nýtt til að flokka efni á skilvirkan hátt, sem eykur nákvæmni í flokkuninni. Það er einnig mikilvægt að borga fólki sem skilar vönduðum textíl til endurvinnslu, sem hvetur til ábyrgrar neyslu.

Mikilvæg hugarfarsbreyting þarf einnig að eiga sér stað, þar sem fólk verður að vera meðvitað um að efnið sem það skilar lendir á góðum stað og nýtist áfram.

Að síðustu er ljóst að þekking á viðgerðum hefur verið að tapast, og því er mikilvægt að fræða fólk um mikilvægi viðgerða til að lengja líftíma textílsins.

Spurning 3: Hvaða leiðir heilla?

Til að takast á við ofgnótt textílúrgangs þarf að huga að nýjum leiðum sem stuðla að endurnýtingu og virðingu fyrir efninu.

Ein leið er að taka á móti og gera við eða breyta textíl í nýjar vörur, sem eykur virði hans.

Upp kom hugmynd um að leggja gjald eða toll á innflutning textíls sem gæti hjálpað til við að draga úr ofgnóttinni og hvetja til innlendar framleiðslu. Í sama takti eru hugmyndir um að setja á förgunargjald fyrir textíl sem væri ætlað að hvetja neytendur til að hugsa um endurnýtingu í stað þess að henda.

Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að ábyrgð neytanda sé að koma textíl í endurnýtingu, og móttökustöðvar þurfa að vera staðsettar á aðgengilegum svæðum, frekar en á afskekktum stöðum.

Draumamódelið er einfalt flokkunarkerfi með góðu aðgengi og neytendur sem sýndu textílnum virðingu. Til að ná þessu er nauðsynlegt að neytendur séu upplýstir um mikilvægi endurnýtingar og sömuleiðis að framleiðendur axli ábyrgð á því sem þeir setja á markað.

Spurning 4: Hvaða leiðir teljið þið að muni virka?

Til að ná árangri í söfnun og flokkun textílúrgangs er mikilvægt að til staðar séu rúmgóðar flokkunarstöðvar, stuðst sé við einfalt flokkunarkerfi sem tekur mið af mismunandi efnistegundum. Notkun gervigreindar mun klárlega hjálpa til við flokkun. Slíkt kerfi gerir neytendum auðveldar fyrir að skila textíl á réttan stað.

Að auki er nauðsynlegt að efla neytendavitund um mikilvægi endurnýtingar og sjálfbærrar neyslu þar sem fræðsla hefur áhrif á neysluhegðun.

Enn fremur var lagt til að banna netverslanir eins og Shein og Temu, þar sem þær stuðla að óhóflegri neyslu og aukningu textílúrgangs - hvort það er raunveruleg eða framkvæmanleg leið er óvíst...

Í umræðum eftir kynningu hópsins var sérstaklega rætt um mikilvægi góðra innviða, að öll aðstaða væri góð, að keypt yrði tækni til flokkunar og líklega bara unnið við færiband líkt og í fiskvinnslu. Talið var að hvetjandi kerfi, líkt og er með skilagjald á flöskum og dósum, gæti komið að góðu gagni og eins var talað um að nauðsynlegt væri að setja förgunargjald á hverja flík.

Helstu niðurstöður vinnustofunnar - samantekt:

Vinnustofa á Blönduósi sem Textílmíðstöð Íslands stóð fyrir þann 31. mars 2025 safnaði saman fulltrúum úr ólíkum geirum til að ræða tækifæri og áskoranir í textíl, endurvinnslu og samfélagslegum nýsköpunartækifærum. Vinnustofan var hluti af áframhaldandi stefnumótun fyrir sjálfbæra framtíð textílgreina.

Fræðsla: Vinnuhóparnir lögðu áherslu á mikilvægi fræðslu um textílúrgang. Þeir ræddu um að beita auglýsingum og samfélagsmiðlum til að hvetja til sjálfbærari neysluhegðunar, sérstaklega meðal ungs fólks. Hugmyndir um að gera endurnýtingu „töff“ með aðstoð áhrifavalda voru áberandi, auk þess að sýna textílúrgang til að auka vitund. Ennfremur var rætt um innleiðingu skilagjalds fyrir textílvörur til að auka virðingu fyrir vörum og stuðla að sjálfbærari ásókn í textíl.

Endurvinnsla: Hópurinn um endurvinnslu talaði um nauðsyn þess að lengja líftíma textíls, með áframhaldandi, fjölbreyttri nýtingu efnis. Hugmyndir voru um að skapa aðstöðu fyrir viðgerðir og breytingar á textíl, tætingar og spuna. Aðstaða til viðgerða, kennsla og námskeið voru talin lykill að velgengni í þessum efnum og til að efla hringrásarhagkerfi textílsins.

Rekstur og viðskiptamódel: Mikilvægi viðskiptamódelar og innviða fyrir flokkun og endurvinnslu var undirstrikað. Bent var á nauðsyn opinberra styrkja og hvata jafnframt því að efla einkarekstur í þessum geira. Kynnt var hugmynd að nýsköpunarsjóði sem styddi við þróun í geiranum og sömuleiðis var talið að einkarekstur með opinberri aðkomu myndi tryggja sjálfbæran rekstur við flokkun og endurvinnslu textíls.

Söfnun, móttaka og flokkun: Áhersla var lögð á að til staðar væri aðstaða við hæfi; bæði gott aðgengi fyrir skil sem og fyrir starfsfólk að athafna sig við móttöku og flokkun. Ennfremur var lögð áhersla á að nýta áhrifaríkar leiðir við flokkun textílúrgangs með nýtingu gervigreindar. Mikilvægt var talið að hvetja neytendur til ábyrgrar neyslu með því að auka þekkingu á viðgerðarþekkingu og mikilvægi þess að viðhalda textíl. Rætt var um að innleiða hvatakerfi, svipað því sem notað er fyrir flöskur og dósir, til að stuðla að áhrifaríkri endurnýtingu.

Hóparnir kynntu margar nýstárlegar hugmyndir, svo sem að banna ofgnótt netverslana sem stuðla að aukningu textílúrgangs og að koma á flokkunarkerfi með einföldum og skilvirkum flokkunarstöðvum. Meðal lykilatriða var nauðsyn fræðslu, aðgengi að viðgerðarþjónustu og hvatning til ábyrgrar neyslu. Samspil á milli einkareksturs og opinberrar aðkomu var talið lykilatriði til að tryggja sjálfbæra þróun í endurvinnslu textíls. Þetta undirstrikar möguleika þess að textílvörur verði álitnar verðmætar auðlindir frekar en úrgangur.

Guðlaugur Skúlason

Berglind Björnsdóttir